

Aðalfundur Veiðifélags Árnesinga haldinn á Hótel Selfossi, 3.júní 2021.

1. **Fundarsetning ásamt sameiginlegri tillögu stjórnar um fundarstjóra og fundarritara.**
Formaður VÁ, Jörundur Gauksson, setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann bar upp tillögu stjórnar um að fundarstjórar yrðu Haraldur Þórarinsson og Ketill Ágústsson og fundarritari Helgi S. Haraldsson. Var tillagan samþykkt.
2. **Sameiginleg tillaga stjórnar um fulltrúa til að kanna framkomin umboð og skrá þau.**
Formaður VÁ, Jörundur Gauksson, bar upp tillögu stjórnar að Þráinn Bj. Jónsson, Kjartan Helgason og Esther Guðjónsdóttir færu yfir framlögð umboð á fundinum. Var tillagan samþykkt.
3. **Skýrsla stjórnar, Jörundur Gauksson, formaður.** Formaður sagði frá störfum stjórnar en fundað var reglulega fram að Covid ástandinu, en á meðan á því stóð var lítið um fundarhöld, meira um tölvupóstsamskipti og símtöl. Að venju var Magnús Jóhannsson fiskifræðingur, stjórninni til ráðgjafar varðandi málefni vatnasvæðisins og voru honum færðar bestu þakkir stjórnar fyrir það. Stjórnin svaraði ýmsum erindum félagsmanna og veitti umsagnir um minniháttar framkvæmdir hjá Vegagerðinni og Selfossveitum, ásamt því að fara yfir umsagnir Hafrannsóknarstofnunar um sömu verkefni. Gerðar voru athugasemdir við deliskipulag nýs hótels og baðlóns við Brúará, vegna augljósra galla á frárennslu úti í ána og sveitarstjórn hvött til að gera auknar kröfur til hreinsunar á því. Samkvæmt upplýsingum félagsins verður umhverfismat vegna frárennslis Selfoss í Ölfusá samþykkt. Meiri hluti stjórnar hefur gert athugasemdir við málsmæðferðina. Um er að ræða lögboðna framkvæmd og umhverfismatinu ætlað að meta mismunandi kosti við hreinsunina. Meiri hluti stjórnar telur að ekki hafi verið rannsakaður sem skyldi sá kostur að leiða skólpið til sjávar og þarf af leiðandi ekki forsendur til að leggja mat á kosti og galla þeirrar leiðar í samanburði við að nýta Ölfusá sem viðtaka og því verði að kæra umhverfismatið þegar að því kemur. Gerðar voru athugasemdir við breytingar á lögnum um lax- og silungsveiði, hvað varðar minnihlutavernd. Dómsmáli Árnar Baldurssonar vegna netaveiðibanns gegn féluginu og félagsmönnum var vísað frá Landsrétti en Fiskistofa hafði áður ógilt ákvörðun aðalfundar um bannið. Ljóst er að þessi málaferli sem Árni hóf hafa kostað félagið og félagsmenn þess vel á sjöundi milljón króna. Á milli aðalfunda vann stjórnin að því að gera nýtingaráætlun fyrir vatnasvæðið og fékk umsagnir um hana og var ákveðið að leggja hana fyrir aðalfundinn. Einnig var unnið að endurskoðun á 10 daga greiðslukerfinu. Nefnd sem til þess var valin skilaði tillögu til stjórnar um nýtt samkomulagskerfi, sem byggir á því að neta- og stangveiði jarðir skili 7% af brúttó tekjum til félagsins sem dugi til reksturs þess. Samþykkti stjórnin að leggja þetta samkomulag fyrir aðalfund félagsins. Félagið fékk styrk úr Fiskræktarsjóði sem sérstaklega var varið til genarannsókna á vatnasvæðinu og til að kortleggja laxastofna þess. Einnig fékk félagið styrk frá ráðherra málaufloksins, til eflingar laxastofna Ölfusár/Hvítárvæðisins. Það fjármagn var notað fyrst og fremst til aukinna rannsókna á svæðinu í samstarfi við Hafrannsóknarstofnun. Einnig var unnið að tillögum um bætta veiðiskráningu og nákvæmari skráningu á einstökum fiskum sem veiddir eru í net. Formaður ítrekaði hvatningu til félagsmanna um að fara eftir reglum um samræmda veiðiskráningu, sem koma frá Hafrannsóknarstofnun, en þær upplýsingar eru mjög mikilvægar fyrir rannsóknir á vatnasvæðinu. Veiðieftirlitið var í höndum Þorfinns Snorrasonar, eins og undanfarin ár og verður það áfram. Stjórnin fjallaði um erindi Kjartans Helgasonar í Haga um sleppingar á kviðpokaseiðum í Brúará. Fengin var umsögn Hafrannsóknarstofnunar um málið sem lagðist gegn því að þessari aðferð væri beitt, frekar ætti að auka friðun en fara í fiskrækt.

ÁRBORG	
Bnr: 15.57	Mótt: 12.07.21
Ábm: GHH	Mnr: 2009832

E það í takt við þá nýtingaráætlun sem lögð var fram á fundinum. Fyrirspurn kom til stjórnar um nýrnaveiki í laxi sem veiddur var í klak í Tungufljóti, í svari frá Keldum kom fram að enginn lax hefði verið sjúkur. Að lokum minntist Jörundur tveggja félaga sem léttust frá síðasta aðalfundi, þeirra Gunnars Gunnarssonar Selfossi og Lofts Þorsteinssonar Haukholtum og bað fundarmenn að rísa úr sætum og minnast þeirra.

4. **Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir árið 2019 og 2020 lagðir fram og skýrðir.** Gjaldkeri félagsins Ólafur Þór Þórarinsson fór yfir reikninga áranna 2019 og 2020 og skýrði þá. Niðurstaða ársreiknings ársins 2019 var tap uppá 40.548,-. Fastafjármunir voru í árslok 9.375.214,- og veltufjármunir 7.748.959,- eignir samtals 17.124.173,-. Fyrir árið 2020 var tap ársins 1.739.550,-. Fastafjármunir voru 9.375.214,- og veltufjármunir 17.384.624,-, eignir samtals 17.384.623,-. Skammtímaskuldir voru 2.000.000,- vegna uppgjörs á styrk frá ráðherra málafloksins til rannsókna á svæðinu. Undir reikninga skrifuðu endurskoðendur félagsins og stjórn þess.
5. **Fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 lögð fram.** Gjaldkeri félagsins Ólafur Þór Þórarinsson lagði fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2021.
6. **Umræður um skýrslu stjórnar og afgreiðsla reikninga og fjárhagsáætlunar.** Fundarstjóri opnaði fyrir umræður. Til máls töku, Valdimar Bjarnason og spurði um færslur á styrki frá Fiskræktarsjóði, hvers vegna hann væri færður sem skuld. Hrafnkell Karlsson spurði hvað hefði orðið um tillögu frá síðasta aðalfundi frá Haraldi Þórarinssyni um að gjöld til félagsins yrðu greidd samkvæmt arðskrá. Einnig vildi hann benda á að lögfræðikostnaður vegna málssóknar, hefði verið mun hærri en kemur fram í reikningum félagsins, þar sem nokkrir einstaklingar hefðu þurft að verja sig með ærnum kostnaði, ásamt félaginu. Að lokum óskaði hann eftir að tillaga Haraldar frá síðasta aðalfundi yrði lesin upp. Gjaldkeri, Ólafur Þór, svaraði Valdimari um að niðurstaða hefði verið að færa styrkinn eins og gert væri í reikningunum, eftir nokkra skoðun. Ritari félagsins Helgi S Haraldsson las upp tillögu Haraldar frá síðasta fundi sem snérist um að skoða það hvort hagkvæmt væri að leigja allt vatnasvæðið út á einu bretti og greiða svo samkvæmt arðskrá eftir það. Að lokum bar fundarstjóri upp reikninga áranna 2019 og 2020 í sitthvoru lagi og voru þeir samþykktir. Einnig bar hann upp skýrslu formanns og var hún einnig samþykkt.
7. **Fiskirannsóknir. Magnús Jóhannsson, fiskifræðingur og Hlynur Bárðarson, líffræðingur, hjá Hafrannsóknarstofnun.** Rannsóknir ársins 2020, voru kerfisbundin vöktun á seiðum, sem samfellt hefur verið gerð frá árinu 1985. Ítrekaði hann að samfella í svoleiðis rannsóknum væri mjög mikilvæg til að fylgjast með breytingum og skýra orsakasamhengi. Aldursrannsóknir voru gerðar á göngufiski, lífríkisrannsóknir í Soginu (Landsvirkjun), söfnun og úrvinnsla veiðiskýrlina, rannsóknir á vatnasvæði Tungufljóts (landnám laxa ofan Faxa, árangur seiðasleppinga) og verkefni sem snéri að styrkingu laxastofna á vatnasvæði Ölfusá-Hvítár. Varðandi fiskrækt á svæðinu þá voru sumaralin seiði úr Dalsá 19.785 og á vegum Tungufljótsdeilda voru 26.000 sumaralin seiði og 30.000 gönguseiði. Hrognataka var í Dalsá-Fossá um 23.000 hrogn. Þéttleikavísitala vatnasvæðisins á laxaseiðum hefur ekki verið nógu góð og árin 2013 og 2015 voru slakir, árin 2014, 2016 og 2017 voru betri, en árin 2018 og 2019 slakari og sennilega verður það einnig með 2020. Laxveiði ársins 2020, á vatnasvæðinu, voru 1.676 laxar á stöng og 1.461 lax í net, samtals 3.137 laxar. Til samanburðar voru þeir árið 2019 samtals 3.315. Minnkun heildarveiði á milli ára var 5,8%, stangveiði jókst um 5,8% en netaveiði minnkaði um 16,7%. Sú breyting hefur orðið á samsetningu veiðinnar á undanförnum árinu að frá því að vera 67% í net og 33% á stöng er hún núna jöfn þ.e 50% í net og 50% á stöng. Að lokum nefndi Magnús að mikil aukning hefði verið á sjóbirtingsveiði í

Ölfusá og Hvítá. Þá tók Hlynur Bárðarson líffræðingur við og fór yfir skýrslu sem snýr að styrkingu laxastofna á vatnsvæði Ölfusár-Hvítar, en styrkur kom til að gera þá rannsókn og var verkáætlunin þannig sett saman, 1) Heildstæð samantekt og greining rannsóknargagna, 2) Greining á viðmiðunarmörkum fyrir stærð hrygningarástofnsins, 3) Söfnun erfða- og hreistursýna úr netaveiði og af seiðum í hliðarám, 4) Bætt veiðiskráning, 5) Samantekt niðurstaða og tillögur að leiðum til styrkingar laxastofna á vatnsvæði Ölfusár og Hvítár. Niðurstaða rannsóknarinnar er sú að vatnsvæðið er komið á aðgerðarmörk hvað varðar viðmiðunarmör hrygningar og einnig hvað varðar þéttleikaviðmið 1+ seiða. Ráðleggingar fræðinga er því þessi. 1) Við veiðistjónun verði notað viðmið út frá seiðaþéttleika. 2) Aðgerðarmörk á þéttleikavísítölu 1+ laxaseiða eru við 10,4 seiði/100m². 3) Gripið til frekari aðgerða þegar stofninn er undir aðgerðarmörkum í þrjú eða fleiri ár samfellt. 4) Vísalta seiða þéttleika 1+ verið undir aðgerðarmörkum sl. tvö ár (8,4 árið 2019 og 7,6 árið 2020) og því nálægt því ástandi að gripa skuli til frekari veiðitakmarkana. 5) Erfðafræðileg úttekt á laxi í vatnakerfinu. Það verkefni er hafið. Þannig má finna hlut hverrar ár eða árluta í laxastofni vatnsvæðisins. 6) Vöktunarrannsóknir áfram, seiða- og aldursrannsóknir á göngulaxi. Koma einstaklingsskráningu á í allri veiði. 7) Búsvæðamat fyrir laxfiska á öllu vatnsvæðinu, mat á stofnstærð og veiðihlutfall með merkingum og/eða með beinum talningum með fiskiteljara. 8) Samfara vaxandi byggð og auknum umsvifum í fiskeldi aukast líkur á ýmsum neikvæðum áhrifum á fiskstofna vatnsvæðisins. Gæta þess að ekki verði innblöndun óskyldra stofna og komið í veg fyrir röskun búsvæða. Í fyrirspurnum til Magnúsar og Hlyns komu fram spurningar um talningu í Ölfusárosi, hreistursýnatöku, seiðasleppingar og endurheimting á gömlum hrygningarástofnum ofl.

8. **Sameiginleg tillaga stjórnar um tilhögun veiði fyrir árið 2021.** Lagt er til að hún verði óbreytt frá liðnu ári 2020. **Aðalfundur Veiðifélags Árnesinga haldinn á Hótel Selfossi 3. júní 2021 samþykkir að árið 2021 sé félagsmönnum Veiðifélags Árnesinga á vatnsvæði Ölfusár-Hvítár frjálst hverjum fyrir landi sinnar jarðar að veiða silung frá og með 1. apríl og lax frá og með 28. júní til og með 10. ágúst og frá og með 17. ágúst til 24. september, en deildir geti þó ákveðið að veiðitími hefjist og honum ljúki síðar en þó ekki lengur en til og með 30 september. Sami veiðidagafjöldi á við um deildir sem um aðra félagsmenn. Stjórn deildar skal tilkynna til formanns Veiðifélags Árnesinga hvenær veiði hefst og hvenær henni lýkur. Tímabilin 24. júní til 27. júní og 11. ágúst til 16. ágúst eru þeir 10 dagar sem félagið heldur eftir og ráðstafar til að standa straum af kostnaði félagsins. Hefji deildir veiði síðar en 24. júní heldur félagið eftir fyrstu 4 dögum þess tímabils sem og 6 dögum frá 11. – 16 ágúst. Félagsmenn hafa forkaupsrétt á veiðileyfum hver fyrir sínu landi og þessa daga er netaveiði óheimil. Deildir ráðstafa veiði og arði til sinna félagsmanna á félagssvæði sínu. Veiða má í lagnet, króknet eða á stöng í samræmi við fyrirmæli laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði. Daglegur veiðitími á laxi og göngusilungi á stöng fer saman frá kl. 7-13 og 16-22. Eftir 20. ágúst frá kl. 7-13 og 15-21. Vikulegur veiðitími neta er frá kl. 10 að þriðjudagsmorgni til kl. 22 að föstudagskvöldi. Daglegur veiðitími staðbundins silungs er frá kl. 8-21. Mælst er til að silungsveiði, net og stöng, verði ekki stunduð á laxveiðisvæðum 15 daga fyrir laxveiðitímann. Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna og Kjartan Helgason taldi að það ætti að fella út „mælst er til“ í síðust málsgrein og segja bara „bannað er“. Að lokum var tillagan samþykkt óbreytt.**
9. **Sameiginleg tillaga stjórnar að nýtingaráætlun fyrir félagið árin 2022 – 2026.** Formaður VÁ, Jörundur Gauksson fylgi tillöggunni úr hlaði og fór yfir helsta inntak hennar. Þær eru helstar, breyting á veiðitíma, stytting veiðitímaí net, öllum stangveiði veiddum laxi í júní skal sleppt og eftir 24.september. Þéttleikavísitala 1+ laxaseiða verður notuð til að ákveða hvort auka

Ölfusá og Hvítá. Þá tók Hlynur Bárðarson líffræðingur við og fór yfir skýrslu sem snýr að styrkingu laxastofna á vatnasvæði Ölfusár-Hvítar, en styrkur kom til að gera þá rannsókn og var verkáætlunin þannig sett saman, 1) Heildstæð samantekt og greining rannsóknargagna, 2) Greining á viðmiðunarmörkum fyrir stærð hrygningarástofnsins, 3) Söfnun erfða- og hreistursýna úr netaveiði og af seiðum í hliðarám, 4) Bætt veiðiskráning, 5) Samantekt niðurstaða og tillögur að leiðum til styrkingar laxastofna á vatnasvæði Ölfusár og Hvítár. Niðurstaða rannsóknarinnar er sú að vatnasvæðið er komið á aðgerðarmörk hvað varðar viðmiðunarmör hrygningar og einnig hvað varðar þéttleikaviðmið 1+ seiða. Ráðleggingar fræðinga er því þessi. 1) Við veiðistjónun verði notað viðmið út frá seiðaþéttleika. 2) Aðgerðarmörk á þéttleikavísitolu 1+ laxaseiða eru við 10,4 seiði/100m². 3) Gripið til frekari aðgerða þegar stofninn er undir aðgerðarmörkum í þrjú eða fleiri ár samfellt. 4) Vísitala seiða þéttleika 1+ verið undir aðgerðarmörkum sl. tvö ár (8,4 árið 2019 og 7,6 árið 2020) og því nálægt því ástandi að grípa skuli til frekari veiðitakmarkana. 5) Erfðafræðileg úttekt á laxi í vatnakerfinu. Það verkefni er hafið. Þannig má finna hlut hverrar ár eða árluta í laxastofni vatnasvæðisins. 6) Vöktunarrannsóknir áfram, seiða- og aldursrannsóknir á göngulaxi. Koma einstaklingsskráningu á í allri veiði. 7) Búsvæðamat fyrir laxfiska á öllu vatnasvæðinu, mat á stofnstærð og veiðihlutfall með merkingum og/eða með beinum talningum með fiskiteljara. 8) Samfara vaxandi byggð og auknum umsvifum í fiskeldi aukast líkur á ýmsum neikvæðum áhrifum á fiskstofna vatnasvæðisins. Gæta þess að ekki verði innblöndun óskyldra stofna og komið í veg fyrir röskun búsvæða. Í fyrirspurnum til Magnúsar og Hlyns komu fram spurningar um talningu í Ölfusárosi, hreistursýnatöku, seiðasleppingar og endurheimting á gömlum hrygningarástofnum ofl.

8. **Sameiginleg tillaga stjórnar um tilhögun veiði fyrir árið 2021.** Lagt er til að hún verði óbreytt frá liðnu ári 2020. **Aðalfundur Veiðifélags Árnesinga** haldinn á Hótel Selfossi 3. júní 2021 samþykkir að árið 2021 sé félagsmönnum Veiðifélags Árnesinga á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár frjálst hverjum fyrir landi sinnar jarðar að veiða silung frá og með 1. apríl og lax frá og með 28. júní til og með 10. ágúst og frá og með 17. ágúst til 24. september, en deildir geti þó ákveðið að veiðitími hefjist og honum ljúki síðar en þó ekki lengur en til og með 30 september. Sami veiðidagafjöldi á við um deildir sem um aðra félagsmenn. Stjórn deildar skal tilkynna til formanns Veiðifélags Árnesinga hvenær veiði hefst og hvenær henni lýkur. Tímabilin 24. júní til 27. júní og 11. ágúst til 16. ágúst eru þeir 10 dagar sem félagið heldur eftir og ráðstafar til að standa straum af kostnaði félagsins. Hefji deildir veiði síðar en 24. júní heldur félagið eftir fyrstu 4 dögum þess tímabils sem og 6 dögum frá 11. – 16 ágúst. Félagsmenn hafa forkaupsrétt á veiðileyfum hver fyrir sínu landi og þessa daga er netaveiði óheimil. Deildir ráðstafa veiði og arði til sinna félagsmanna á félagssvæði sínu. Veiða má í lagnet, króknet eða á stöng í samræmi við fyrirmæli laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði. Daglegur veiðitími á laxi og göngusilungi á stöng fer saman frá kl. 7-13 og 16-22. Eftir 20. ágúst frá kl. 7-13 og 15-21. Vikulegur veiðitími neta er frá kl. 10 að þriðjudagsmorgni til kl. 22 að föstudagskvöldi. Daglegur veiðitími staðbundins silungs er frá kl. 8-21. Mælst er til að silungsveiði, net og stöng, verði ekki stunduð á laxveiðisvæðum 15 daga fyrir laxveiðitímann. Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna og Kjartan Helgason taldi að það ætti að fella út „mælst er til“ í síðust málsgrein og segja bara „bannað er“. Að lokum var tillagan samþykkt óbreytt.
9. **Sameiginleg tillaga stjórnar að nýtingaráætlun fyrir félagið árin 2022 – 2026.** Formaður VÁ, Jörundur Gauksson fylgi tillögunni úr hlaði og fór yfir helsta inntak hennar. Þær eru helstar, breyting á veiðitíma, stytting veiðitímaí net, öllum stangveiði veiddum laxi í júní skal sleppt og eftir 24.september. Þéttleikavísitala 1+ laxaseiða verður notuð til að ákveða hvort auka

Jörundur Gauksson til máls og sagði að það eina sem væri skýrt væri arðskráin sem væri frá 1963 og spurning hvenær yrði að taka hana upp. En 10 daga reglan hefði verið notað fram til þessa en nú væri tillaga um að prófa aðra aðferð og við skildum gera það og sjá svo hvernig það gengi. Fundarstjóri bar upp tillöguna sem var samþykkt með tveimur mótagkvæðum.

11. **Stjórarkjör.** Kosið var um fjóra stjórnamenn þar sem ekki var haldinn aðalfundur í fyrra. Kjósa átti um Jörund Gauksson, Ólaf Þór Þórarinsson, Stefán Jónsson og Árna Baldursson. Allir nema Stefán gefa kost á sér áfram. Fundarstjóri hóf kosningu á að kalla eftir örðum tilnefningum en Jörundar og Ólafs, ekki bárust aðrar og voru þeir kosnir með lófaklappi. Næst var kosið um sæti Stefáns sem ekki gaf kost á sér. Uppástunga kom um Esther Guðjónsdóttur og var hún kosin með lófataki. Að lokum var kosið umsæti Árna Baldurssonar og kallað eftir öðrum tilnefningum. Þá var stungið uppá Árna Þorvaldssyni. Aðrar tilnefningar bárust ekki og lagði fundarstjóri til einfalda kosningu, sem ekki var samþykkt og fór því fram leynileg kosning, eftir umboðum. Eftirtalin gild umboð voru lögð fram: Gunnar Egilsson fór með umboð fyrir Óseyrarnes, Fólag afl, Hallskot og Hellí/Fossnes. Jörundur Gauksson fór með umboð fyrir Kaldaðarnes. Hrafnkell Karlsson fór með umboð fyrir Auðsholt og Kirkjuferju. Atli Gunnarsson fór með umboð fyrir Selfoss 1. Sveinbjörn Másson fór með umboð fyrir Selfoss 2. Guðmundur Þorvaldsson fór með umboð fyrir Torfastaði 2. Höskuldur Gunnarsson fór með umboð fyrir Stóra-Ármót. Jóhann Árnason fór með umboð fyrir, Stóru-Reyki, Litlu-Reyki, Oddgeirshóla 1, Oddgeirshóla 2, Laugar. Ólafur Jónsson fór með umboð fyrir, Oddgeirshóla 3 og Austurkot. Kjartan Steinsson fór með umboð fyrir, Hest, Gíslastaði, Hvítárbakka, Ásakot 2, Krók, Ísabakka, Heiði. Ingvar Hjálmarsson fór með umboð fyrir Fjall 1. Valdimar Bjarnason fór með umboð fyrir Fjall 2. Helgi S. Haraldsson fór með umboð fyrir, Iðu 1, Hrafnkelsstaði 1, Hrafnkelsstaði 2 og Hrafnkelsstaði 3. Magnús E. Eyjólfsson fór með umboð fyrir Iðu 2. Ingibjörn Öxndal Reynisson fór með umboð fyrir Höfða. Þráinn Bj. Jónsson fór með umboð fyrir, Syðri-Reyki, Böðmóðsstaði 2, Leyni, Vegatungu, Kluftir. Kjartan Lárusson fór með umboð fyrir, Laugardalshóla, Austurey 1. Þá var framkvæmd kosning um stjórnamann og kosið um Árna Baldursson og Árna Þorvaldsson. Kosning fór þannig að Árni Þorvaldsson fékk 50 atkvæði, Árni Baldursson fékk 10 atkvæði og 5 atkvæði voru ógild. Réttkjörinn nýr stjórnarmaður var því Árni Þorvaldsson. Kosning til varastjórnar. Uppástunga kom um Bjarna Ófeig Valdimarsson, Hannes Sigurðsson og Kjartan Lárusson. Aðrar tillögur um meðstjórnendur komu ekki og voru þeir kosnir með lófaklappi.
12. **Kjör skoðunarmanna.** Stungið var upp á sitjandi skoðunarmönnum, þeim Árni Oddgeiri Guðmundssyni og Þormóði Ólafssyni og voru þeir kjörnir með lófaklappi.
13. **Önnur mál.** Engar umræður urðu undir þessum lið.
14. **Fundarslit.** Fundarstjóri þakkað fundarmönnum fyrir fundarsetuna og gaf formanni Jörundi Gaukssyni sem byrjaði á að óska nýjum stjórnamönnum til hamingju með kosninguna og þakkaði Árna Baldurssyni fyrir samstarfið í stjórn, undanfarin ár. Að lokum þakkaði hann starfsmönnum fundarins fyrir þeirra störf og fundarmönnum fyrir fundarsetuna, óskaði þeim góðrar heimferðar og sleit fundi kl. 17:39.

Helgi S. Haraldsson

Helgi Sigurður Haraldsson fundarritari.

Haraldur Þórarinsson

Haraldur Þórarinsson fundarstjóri.

Ágætu félagsmenn

Vinsamlega sendið Esther Guðjónsdóttur Sólheimum netföngin ykkar svo hægt verði að miðla upplýsingum rafrænt.

Esther er með netfangið :

estherg@centrum.com

Kveðja og góða veiði

Jörundur Gauksson